

FUNDUR FFM MEÐ BEKKJARFULLTRÚUM 29. september 2015 kl 18:00

Mættir voru Baddý, Karólína, Lovísa, Skúli og Íris

Mættir voru eftirfarandi bekkjarfulltrúar:

Jóna (fyrir 1. bekk) Hrafnhildur og Rósa (fyrir 2. bekk), Karólína fyrir (3. bekk og 5. bekk), Kristjana (fyrir 4. ES), Eyrún (fyrir 8. UG), Birgir (fyrir 1. bekk og 9. JS)

1. Baddý bauð bekkjarfulltrúa velkoma og kynnti stjórn og foreldrafélagið. Hún fór yfir þá viðburði sem foreldrafélagið mun bjóða upp á í vetur.
2. Hrafnhildur og Jóna buðu sig fram í stjórn FFM og var þeim tekið fagnandi.
3. Kynnt var fyrir bekkjarfulltrúum hugmyndir að bekkjarkvöldum
4. Rætt var um foreldrasáttmálann og bekkjarfulltrúar hvattir til að kynna hann fyrir foreldrum í sínum árgangi.
5. Ákveðið var að athuga hvort skólinn væri tilbúinn að taka þátt í að panta stílabækur, möppur og fleiri skólavörur sem nemendur gætu keypt af skólanum í byrjun skólaárs. Ef til vill væri hægt að lækka með þessu kostnað á skólavörum hjá hverjum nemanda.
6. Rætt um að athuga hvort skólinn geti boðið upp á ávaxtabakka fyrir nemendur, t.d. tvisvar í viku. Stjórn FFM ætlar að athuga hvernig þetta er framkvæmt í öðrum skólum.
7. Rætt um skólamat. Kosti og galla og hvað mætti betur fara. Einn stjórnarmeðlimur mun hafa samband við skólamat.
8. Að lokum var rætt hvað kostar að leigja íþróttakademíuna fyrir bekkjarkvöld og mun FFM kanna það. Einnig var rætt hvort greiða þyrfti eitthvað gjald ef bekkjarfulltrúar leigðu íþróttahús Akurskóla fyrir bekkjarkvöld og mun FFM kanna það.

Annað ekki rætt.

Fundi slitið kl 19:10.

Fundarritari:

Íris Dröfn